

## Áætlun

um 5.—8. ferð landpóstanna 1887.

	Póstleiðir.	Póststöðvar	5. ferð.	6. ferð.	7. ferð.	8. ferð.
I. Vestanpóstur.	Milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.	<i>Ísaförður</i>	21. apríl	8. júní	14. júlí	18. ág.
		Vatnsfjörður	22. —	8. —	15. —	19. —
		<i>Bær</i>	23. —	9. —	16. —	20. —
		Márskelda	24. —	10. —	17. —	21. —
		<i>Hjarðarholt</i>	25. —	11. —	18. —	22. —
		<i>Arnarholt</i>	26. —	12. —	19. —	24. —
		Hestur	27. —	13. —	20. —	24. —
		Saurbær	28. —	14. —	21. —	25. —
		(Fossá)				
	Leirvogstunga	28. —	14. —	21. —	25. —	
	2. Frá Reykjavík.	<i>Reykjavík</i>	9. maí	27. júní	4. ág.	5. sept.
		Leirvogstunga (Fossá)	9. —	27. —	4. —	5. —
		Saurbær	10. —	28. —	5. —	6. —
		Hestur	10. —	28. —	5. —	6. —
		<i>Arnarholt</i>	11. —	29. —	6. —	7. —
		<i>Hjarðarholt</i>	12. —	30. —	7. —	8. —
Márskelda		13. —	30. —	8. —	8. —	
<i>Bær</i>		14. —	1. júlí	9. —	9. —	
Vatnsfjörður		15. —	2. —	10. —	10. —	
II. Norðanpóstur.	Milli Akureyrar og Reykjavíkur.	<i>Akureyri</i>	21. apríl	7. júní	14. júlí	18. ág.
		Möðruvellir	21. —	7. —	14. —	18. —
		Steinstaðir	22. —	8. —	15. —	19. —
		<i>Víðimýri</i>	23. —	8. —	16. —	20. —
		Botnastaðir	23. —	9. —	16. —	20. —
		Reykir	24. —	9. —	17. —	21. —
		<i>Sveinsstaðir</i>	25. —	10. —	18. —	22. —
		Lækjamót	25. —	10. —	18. —	22. —
		Staðarbakki	26. —	11. —	19. —	23. —
	<i>Staður</i>	27. —	12. —	20. —	24. —	
	<i>Arnarholt</i>	29. —	14. —	22. —	26. —	
	Hestur	29. —	14. —	22. —	26. —	
	Saurbær	30. —	15. —	23. —	27. —	
	(Fossá)					
	Leirvogstunga	30. —	15. —	23. —	27. —	
	2. Frá Reykjavík.	<i>Reykjavík</i>	9. maí	27. júní	4. ág.	5. sept.
Leirvogstunga (Fossá)		9. —	27. —	4. —	5. —	
Saurbær		10. —	28. —	5. —	6. —	
Hestur		10. —	28. —	5. —	6. —	
<i>Arnarholt</i>		11. —	29. —	6. —	7. —	
<i>Staður</i>		12. —	30. —	7. —	8. —	
Staðarbakki		12. —	30. —	8. —	8. —	
Lækjamót		13. —	30. —	8. —	8. —	
<i>Sveinsstaðir</i>		13. —	1. júlí	9. —	9. —	
Reykir		14. —	1. —	9. —	9. —	
Botnastaðir		14. —	2. —	10. —	10. —	
<i>Víðimýri</i>	14. —	2. —	10. —	10. —		
Steinsstaðir	15. —	3. —	11. —	11. —		
Möðruvellir	16. —	4. —	12. —	12. —		

	Póstleiðir.	Póststöðvar.	5. ferð.	6. ferð.	7. ferð.	8. ferð.
<b>III. Seyðisfjarðarpóstur.</b>	<b>Milli Akureyrar og Seyðisfjarðar.</b>	<i>Akureyri</i> Ljósavatn <i>Grenjaðarstaður</i> Reykjahlíð Grímsstaðir Skjöldólfsstaðir <i>Höfði</i>	20. apríl 20. — 21. — 22. — 23. — 24. — 25. —	7. júní 7. — 8. — 9. — 9. — 10. — 11. —	9. júlí 9. — 10. — 11. — 12. — 13. — 14. —	15. ág. 15. — 16. — 16. — 17. — 18. — 19. —
	<i>1. Frá Akureyri</i>					
	<i>2. Frá Seyðisfirði.</i>	<i>Seyðisfjörður</i> <i>Höfði</i> Skjöldólfsstaðir Grímsstaðir Reykjahlíð <i>Grenjaðarstaður</i> Ljósavatn	7. maí 8. — 9. — 10. — 11. — 12. — 13. —	18. júní 19. — 20. — 21. — 22. — 23. — 24. —	25. júlí 25. — 26. — 27. — 28. — 29. — 30. —	1. sept. 2. — 3. — 4. — 5. — 6. — 7. —
<b>IV. Austanpóstur.</b>	<b>Milli Prestsbakka og Reykjavíkur.</b>	<i>Reykjavík</i> Gljúfurárholt <i>Hraungerði</i> <i>Ás</i> <i>Breiðabólsstaður</i> Holt Vík Mýrar	9. maí 9. — 10. — 10. — 11. — 11. — 12. — 13. —	20. júní 20. — 21. — 22. — 23. — 24. — 25. — 26. —	3. ág. 3. — 4. — 5. — 6. — 7. — 8. — 9. —	2. sept. 2. — 3. — 4. — 5. — 6. — 7. — 8. —
	<i>1. Frá Reykjavík.</i>					
	<i>2. Frá Prestsbakka.</i>	<i>Prestsbakki</i> Mýrar Vík Holt <i>Breiðabólsstaður</i> <i>Ás</i> <i>Hraungerði</i> Gljúfurárholt	20. maí 21. — 22. — 23. — 24. — 25. — 25. — 25. —	2. júlí 3. — 4. — 5. — 6. — 7. — 7. — 7. —	15. ág. 16. — 16. — 17. — 18. — 19. — 19. — 19. —	12. sept. 13. — 13. — 14. — 15. — 16. — 16. — 16. —
<b>V. Eskifjarðarpóstur.</b>	<b>Milli Prestsbakka og Eskifjarðar.</b>	<i>Prestsbakki</i> Sandfell Kálfafellsstaður <i>Bjarnanes</i> Stafafell <i>Djúpivogur</i> Höskuldsstaðir Arnhólsstaðir <i>Höfði</i>	16. apríl 18. — 20. — 21. — 21. — 23. — 24. — 24. — 25. —	3. júní 5. — 7. — 8. — 8. — 9. — 10. — 10. — 11. —	7. júlí 8. — 9. — 10. — 11. — 12. — 13. — 14. — 14. —	11. ág. 13. — 15. — 16. — 16. — 17. — 18. — 18. — 19. —
	<i>1. Frá Prestsbakka.</i>					
	<i>2. Frá Eskiffirði.</i>	<i>Eskifjörður</i> <i>Höfði</i> Arnhólsstaðir Höskuldsstaðir <i>Djúpivogur</i> Stafafell <i>Bjarnanes</i> Kálfafellsstaður Sandfell	7. maí 8. — 9. — 9. — 10. — 12. — 12. — 14. — 15. —	18. júní 19. — 20. — 21. — 22. — 24. — 24. — 25. — 26. —	25. júlí 25. — 26. — 26. — 27. — 28. — 28. — 30. — 31. —	1. sept. 2. — 3. — 3. — 4. — 5. — 5. — 7. — 8. —

5

a. Burtfarardagar póstanna frá endapóststöðvunum: *Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Seyðisfirði, Eskifirði*, og *Prestsbakka* eru fastákveðnir við þá daga, er nefndir eru í ferðaáætluninni, þannig að ekki sje lengur tekið við böggul- og peningasendingum en til kl. 7 kveldið næsta á undan. Við millistöðvar eru til teknir þeir dagar, er póstarnir mega leggja á stað þadan í *fyrsta lagi*, og ber að afgreiða póstinn þann dag, eða svo fljótt, sem unnt er, eptir þann dag.

b. Hvorugur aðalpóstanna (*Eskifjarðarpóstur* og *Seyðisfjarðarpóstur*) má fara frá Höfða í Vallahreppi fyrri en þeir eru báðir komnir til þessarar póststöðvar.

Þessir eru aukapóstar:

1. GULLBRINGUSYSLUPÓSTURINN, milli *Reykjavíkur* og *Keflavíkur*, leggur á stað frá *Reykjavík* daginn eptir komu aðalpóstanna, fer um *Hafnarfjörð* og *Kálfatjörn* til *Keflavíkur*, dvelur sólarhring þar, og snýr þá aptur sömu leið til *Reykjavíkur*.
2. MYRASYSLUPÓSTURINN fer frá *Arnarholti* í *Mýrasýslu*, svo fljótt sem unnt er eptir komu aðalpóstanna þangað frá *Reykjavík*, að *Borg* í *Borgarhreppi* og snýr þadan þegar aptur að *Arnarholti*.
3. STYKKISHÓLMSPÓSTURINN, milli *Stykkishólms* og *Arnarholts*; fer á stað frá *Stykkishólmi* snemma morguns þessa daga:

22. apríl.

9. júní.

16. júlí.

20. ágúst.

kemur við á *Rauðkollsstöðum* og *Staðarhrauni* og snýr aptur frá *Arnarholti* sömu leið daginn eptir komu vestanpóstsins þangað frá *Reykjavík*.

Daginn eptir að póstur þessi er kominn frá *Arnarholti* að *Rauðkollsstöðum*, fer aukapóstur þadan um *Staðastað* og *Báðir* til *Ólafsvíkur* og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar sömu leið að *Rauðkollsstöðum*.

4. DALASYSLUPÓSTURINN, milli *Staðar* í *Hrútafirði* og *Stykkishólms*, fer frá *Stað* í *Hrútafirði* í síðasta lagi á 3. degi eptir að norðanpósturinn er kominn þangað frá *Akureyri*, fer um *Hjarðarholt* í *Dölum* og *Breiðabólstað* á *Skógarströnd* tll *Stykkishólms*, og eptir sólarhringsdvöl þar, snýr hann aptur sömu leið að *Stað* í *Hrútafirði*.
5. BARÐASTRANDARSYSLUPÓSTURINN fer frá *Bæ* í *Reykhólasveit* morguninn eptir að vestanpóstur er þangað kominn frá *Reykjavík*, fer um *Brjámslæk* og *Bíldudal* að *Vatneyri* og snýr aptur þadan eptir sólarhringsbið um *Brjámslæk* að *Bæ*.
6. ÍSAFJARÐARSYSLUPÓSTARNIR eru tveir og fara frá *Ísafirði* þegar eptir komu vestanpóstsins þangað. Fer annar um *Holt* í *Önundarfirði* að *Þingeyri* við *Dýrafjörð* og snýr þadan aptur eptir 12 tíma dvöl sömu leið til *Ísafjarðar*; þó má póstur þessi, eptir nánari ákvörðun póstaafgreiðslumannsins á *Ísafirði*, þegar nægur tími er til, fara allt að *Rafnseyri* við *Arnarfjörð*. Hinn fer sjóleidis frá *Ísafirði* til *Snæfjalla*, þadan til *Staðar* í *Grunnavík* og þadan aptur til *Hesteyrar* í *Sljettuhreppi*, og síðan, sem fyrst unnt er, sömu leið aptur til *Ísafjarðar*.
7. STRANDASYSLUPÓSTURINN fer frá *Stað* í *Hrútafirði* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Reykjavík*, fer um *Borðeyri* og *Prestsbakka* og þadan um *Kirkjuból* til *Kálfaness* að *Kúvíkum* við *Reykjarfjörð* og snýr þadan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Stað*.
8. SKAGASTRANDARPÓSTURINN fer frá *Sveinsstöðum* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Reykjavík*, fer um *Blönduós* til *Skagastrandar* verzlunarstaðar, og snýr þadan aptur eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Sveinsstöðum*.
9. SIGLUFJARÐARPÓSTURINN leggur á stað frá *Víðimýri* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Reykjavík*; fer um *Sauðárkrók*, *Hofsós* og *Haganes* til *Siglufjarðar* og snýr aptur sömu leið eptir sólarhringsbið þar.
10. EYJAFJARÐARSYSLUPÓSTURINN fer frá *Akureyri* daginn eptir komu norðanpóstsins þangað frá *Reykjavík*, að *Tjörn* í *Svarfaðardal* og snýr aptur eptir sólarhringsdvöl þar.
11. ÞINGEYJARSÝSLUPÓSTURINN, milli *Grenjadarstaðar* og *Vopnafjarðar*, fer frá *Grenjadarstað* undir eins eptir að *Seyðisfjarðarpósturinn* er kominn þangað frá *Akureyri*; fer um *Húsa-vík*, *Skinnastabi*, *Presthóla*, *Raufarhöfn*, *Svalbarð* í *Þistilfirði* og *Sauðanes* til *Vopnafjarðar*; snýr þadan aptur sömu leið eptir sólarhringsdvöl; þó biður hann *Múlasýslupósts*.
12. MÚLASYSLUPÓSTURINN fer frá *Höfða* í *Vallahreppi* undir eins og aðalpóstarnir (*Seyðisfjarðarpóstur* og *Eskifjarðarpóstur*) eru báðir komnir frá *Akureyri* og *Prestsbakka* til þessarar póststöðvar; fer um *Hrafnabjörg* til *Vopnafjarðar* og snýr aptur þadan eptir sólarhringsdvöl sömu leið að *Höfða*.

13. VESTMANNAEYJAPOSTURINN fer frá *Breiðabólstað* að *Ljótsstöðum* daginn eftir komu austanpóstsins frá Reykjavík og snýr þegar aptur að Breiðabólstað. Þegar póttaskan kemur frá Vestmannaeyjum að Ljótarstöðum, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komizt á austanpóstinn á leið hans til Reykjavíkur.
14. ÁRNESSYSLUPOSTARNIR eru þrír, og fara þeir allir á stað frá *Hraungerði*, svo fljótt sem unnt er, eftir komu austanpóstsins þangað frá Reykjavík. Einn þeirra fer um *Ólafsvelli* að *Reykjum* á Skeiðum, annar að *Arnarbæli* í Grímsnesi, og snúa þeir báðir þegar aptur að *Hraungerði*. Hinn þriðji fer ofan á *Eyrarbakka*, og snýr þaðan aptur morguninn eftir að *Hraungerði*.  
Reykjavík 14. febrúar 1887.  
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

**Magnús Stephensen.**

**Jón Jenson.**

1886

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja útaf þingsályktun um ný lög um skipun prestakalla. — Með brjefi 23. sept. f. á., sendi landshöfðingi Thorberg sál. hingað þingsályktun, sem samþykkt var af neðri deild alþingis 1885, þar sem skorað er á stjórnina að leggja fyrir alþingi 1887 lagafrumvarp um skipun prestakalla, er fari því fram að fast árgjald sje ákveðið úr landssjóði til hvers prófastsdæmis, er þess kynni að þurfa, eða árgjald frá einu prófastsdæmi til annars og að hjeraðsfundum prófastsdæmanna verði heimilað með samþykki landshöfðingja að jafna prestaköllin með tillagi frá einu til annars, og með því að skipta milli þeirra landssjóðstillaginu til prófastsdæmisins eða tillagi annars prófastsdæmis til þess. 28. des.

En eins og Thorberg landshöfðingi tók það fram um leið og hann sendi hingað þingsályktun þessa, að hún að hans áliti væri of óákveðin og málið eigi nógu vandlega hugað, og yfir höfuð væri efni þingsályktunarinnar svo úr garði gjört, að eigi væri hún takandi til greina, þannig getur ráðgjafinn heldur eigi fundið næga ástæðu til eftir þessari áskorun, frá aðeins annari þingdeildinni, að fara nú þegar að gjöra ráðstafanir til að reyna til að fá svo verulegu atriði breytt í lögnum um skipun prestakalla 27. febr. 1880, sem tæplega eru 7 ára gömul.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð til leiðbeiningar og til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna.

1887

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um útgáfu veitingarbrjefa fyrir brauðum. — Í þóknanlegu brjefi, 24. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi spurzt fyrir um, hvort ekki skuli farið eftir auglýsingu 15. okt. 1884, þegar veitingarbrjef er gefið samkvæmt lögum um hluttöku safnaða í veitingu brauða 8. jan. 1886, þannig að landshöfðingi gefi að eins veitingarbrjef fyrir þeim prestaköllum, sem metin eru minna en 1800 kr. 13. jan.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar, að spurningu þessari verður að svara játandi, sbr. einnig ástæðurnar fyrir stjórnarfrumvarpinu 1885

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um afnám svokallaðra Marín- og Pjeturslamba. — Síðasta al- 14. jan.